



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

24. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 23. mars 2026 kl. 15:30 í Blæ, fundarsal í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Sigurður Sigurjónsson í forföllum Jóns Bjarnasonar, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

Yfirmaður eignasjóðs fór yfir helstu verkefni:

- Gámasvæði:** uppsetning á girðingu hefur tafist vegna frosts í jörðu en verkinu á að ljúka í vor. Undirbúningur fyrir gjaldtöku er í gangi og mun gjaldtaka hefjast um leið og hlið hefur verið sett upp.
- Garðsláttur:** pantaðir hafa verið slátturóbótar sem eiga að slá opnu, grænu svæðin á Flúðum í sumar. Með því móti verður hægt að tryggja tíðari garðslátt og vonandi betri rækt í grasflatir sveitarfélagsins.
- Sundlaugin:** gengið hefur verið frá pöntun á dúk í laugarkerið. Starfsmenn sveitarfélagsins munu sjá um yfirbyggingu, rif á núverandi dúk og múrviðgerðir. Sundlaugin mun loka 10. maí vegna þessara framkvæmda. Gert er ráð fyrir að laugin opni aftur þann 10. júní.
- Íþróttahúsið:** reykskynjarar í salnum eru viðkvæmir fyrir útfellingum í rakakerfinu og er því nauðsynlegt að skoða skipti á þessum búnaði og að settur verði upp búnaður sem betur þolir rakakerfi hússins. Vonir standa til að þessar breytingar muni verða innan skamms.
- Snjómokstur:** unnin hafa verið drög að reglum um snjómokstur í sveitarfélaginu sem kynnt voru á fundinum. Rætt um forgangsöröðun og mikilvægi hálkuvana til dæmis við heilsugæsluna. Endanlegar reglur verða lagðar fram á næsta fundi nefndarinnar.
- Félagsheimili:** endurbætur verða gerðar á anddyri félagsheimilisins í maí. Skipt verður um útihurð og allt innvols í anddyrinu. Lokað verður frá anddyri inn í sjálft félagsheimilið þannig að hægt verður að hafa opið í menningarhúsinu án þess að opið sé inn í félagsheimilið að framkvæmdum loknum. Félagsheimilið verður lokað í maí vegna þessara framkvæmda.

JCS
NA 55
ÆES
Cleg
BV

Eftirlit: rætt um öryggismyndavélar. Keyptar hafa verið öryggismyndavélar sem settar verða upp við stofnanir sveitarfélagsins á vormánuðum. Nefndin leggur áherslu á að settar verði upp eftirlitsmyndavélar við innkeyrslur í sveitarfélagið.

Hraðahindrun: Hraðahindrun við Smiðjustíg hefur verið þrengd og vonir standa til að það hafi hraðalækkandi áhrif. Ef þetta virkar ekki þá munu verða settar upp hraðahindrandi kryppur sem vitað er að virka samstundis. Ef hraði lækkar ekki í Vesturbrún fljótlega þá munu slíkar kryppur verða settar upp í þeirri götu í vor.

Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – veitustjóri.

Veitustjóri fór yfir helstu verkefni:

Malbik: Malbikað verður í lðjuslóð í vor og samið hefur verið um uppreiknað verð miðað við verðlagsþróun en verkið var boðið út í fyrra. Ljóst er að húseigendur á svæðinu munu einnig láta malbika hjá sér á sama tíma. Einnig verður malbikað innan gámasvæðisins, 1200-1500m² á sama tíma. Heildarmagn er 16.000 tonn.

Hreinsistöðvar: verið er að skoða grófsíu sem sett yrði framan við hreinsistöðvar. Stefnt er að því að ein grófsía verði sett upp til að byrja með.

Hitaveitan: um leið og viðrar verður hitaveitulögn endurnýjuð frá Högnastíg niður að Sunnuhlíð.

Hrunaljós: óskað hefur verið eftir 10 tengingum (blæstri) sem ráðast þarf í á næstu vikum. Kynnti að aðkeypt vinna frá TRS kostar 216.000 pr. tengingu. Hægt er að kaupa vélar sem myndu framkvæma þessa aðgerð og gætu starfsmenn veitna gert þetta og kostar hún rúmar 3 m.kr. Veitustjóri telur að hægt sé að spara fjármuni til lengri tíma með því að verða sjálfbjarga hvað þennan verkþátt varðar. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að umræddar vélar verði keyptar.

Kópsvatn: raforkuframleiðslu hefur verið hætt á Kópsvatni, allavega tímabundið. Viðræður hafa átt sér stað um viðskilnað Baseload við virkjunina. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að uppgjör sem lagt var fram varðandi rafmagnsframleiðslu virkjunarinnar verði samþykkt. Málið verður aftur rætt á næsta fundi.

2. Vatnsveitan „Blákvísl“ – staða málsins.

Umsóknarferli er á lokametrunum. Verkfræðistofan Efla er að vinna að gögnum til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar um það hvort verkefnið þurfi í umhverfismat. Ljóst er að gera þarf grein fyrir lagnaleiðinni í aðalskipulagi og því þarf að gera breytingu á því. Málið rætt.

3. Afgreiðsla sveitarstjórnar vegna vatnstjóns á Hótel Hill.

Málið var áður á dagskrá 23. fundar nefndarinnar og fundar sveitarstjórnar þann 19. mars.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir afgreiðslu sveitarstjórnar en málinu telst nú lokið.

Einnig rætt um flóð sem varð vegna ræsis þann 19. mars s.l. en þá flæddi inn í hús þar sem lagnir tóku ekki við. Rætt um viðbrögð við hamfaraflóðum.

Handwritten signatures and initials:
EFS
DAS KKA SS
BV
CAG JK

4. Afgreiðsla sveitarstjórnar á erindi frá fimleikadeild vegna fimleikaaðstöðu.

Á fundi sveitarstjórnar þann 5. mars sl. var lagt fram bréf frá stjórn Fimleikadeildar UMFH þar sem óskað var eftir að skoðað yrði hvort mögulega væri húsnæði til staðar í sveitarfélaginu sem gæti hýst fimleikaaðstöðu en einnig og til vara ef ekkert húsnæði er til staðar að hafin verði vinna við hönnun og kostnaðarmat á sérhæfðri viðbyggingu við núverandi íþróttahús sem hýst gæti starf fimleikadeildar.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var að taka jákvætt í erindið og samþykkti sveitarstjórn samhljóða að láta nú þegar kanna þá möguleika sem til staðar eru og eft gætu hið öfluga starf fimleikadeildar og fól sveitarstjórn yfirmanni eignasjóðs að vinna málið hratt áfram. Verkefnið yrði unnið áfram á vettvangi Veitu- og framkvæmdanefndar.

Yfirmaður eignasjóðs gerði grein fyrir málinu og málið rætt.

5. Afgreiðsla sveitarstjórnar á erindi frá Hestamannafélaginu Jökli v. viðbyggingar við reiðhöllina.

Á fundi sveitarstjórnar þann 5. mars sl. var lagt fram bréf frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls þar sem óskað var eftir að sveitarstjórnir á starfssvæði félagsins staðfesti með viljayfirlýsingu að þau séu tilbúin í áframhaldandi samstarf um uppbyggingu á aðstöðu fyrir hestaíþróttir á svæðinu og komi um leið að ákvörðunum þar sem næstu skref verða stigin. Drög að slíkri viljayfirlýsingu fylgdu með erindi félagsins.

Sveitarstjórn tók jákvætt í erindið og samþykkti samhljóða að fela sveitarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna. Bætt aðstaða til iðkunar hestaíþróttar myndi án vafa efla allt starf og ekki síst æskulýðsstarf og gefa fleirum tækifæri til að taka þátt í þessari fjölmennu íþróttagrein í uppsveitunum.

Afgreiðsla sveitarstjórnar er lögð fram til kynningar.

6. 60 ára afmæli Hitaveitu Flúða.

Veitustjóri kynnti að Hitaveita Flúða yrði 60 ára á árinu. Gaman væri að tengja það afmæli við aðra dagskrá afmælisársins en Hrunamannahreppur fagnar í ár 1150 ára afmæli sveitarfélagsins. *Nefndin samþykkir að gefa Björgunarfélaginu Eyvindi búnað í tilefni af afmælinu og veitustjóra falið að kanna hvar þörfin er mest. Jafnframt verður skoðað hvernig Hitaveitan getur orðið sýnileg á afmælisárinu.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:26

Þorunn Vignisdóttir
Sigurður Sigurðsson
Katrín HARALDSDÓTTIR
Dafn Geir Samuelsson
Eir E. Sigurðsen
Guðrún E. Lúðin
Jónína Gunnar
Alfdr. Hafstein